

Fréttabréf Fljótsdalshepps

2020



Maður kemur í manns stað

Oddvitaskipti fóru fram á vormánuðum þegar Jóhann F. Þórhallsson tók við af Gunnþórunni Ingólfssdóttir. Í framhaldi var Helgi Gíslason ráðinn sveitarstjóri en fjöldi umsækjenda var um starfið. Gunnþórunni var og er þakkað vel fyrir hennar störf í gegnum árin. Björk Kjartansdóttir sem sinnt hefur þrifum í Végarði mörg undanfarin ár hefur nú hætt störfum og Guðbjörg Pálsdóttir tekið við. Björk er þakkað vel fyrir hennar störf. Mannaskipti urðu í Samfélagsnefndinni þegar Arna Björg Bjarnadóttir flutti úr sveitinni og tók þá Gunnar Gunnarsson sæti í henni. Þórhallur Jóhannsson er formaður samfélagsnefndar. Nokkrar fleiri breytingar hafa orðið á mönnun nefnda og er vísað á heimasíðuna fljotsdalsur.is þar sem það er tíundað.

Rekstur húsa og uppbygging

Sveitarfélagið hefur samið við Óbyggðasetrið um rekstur Laugarfells frá 1.1.2020 til 31. 12. 2029. Fljótsdalsgrund er leigð út til Sigríðar Stefánsdóttir frá 1.2.2019 til 31.12.2023.

Steingrímur (Denni) Karlsson ásamt fleirum tók að sér að gera upp Hrakströnd. Eins og sjá má er allt annað að sjá kofann eftir endurgerðina. Fólk er því hvatt til að umgangast hann af virðingu.

Í sumar var hafist handa við að grafa með sökklí Végarðs og klæða, sem og klæða eldri hluta hans. Því er nú lokið. Á næstu dögum verður viðarkyndistöð komið fyrir í skógarjaðrinum og tengd Végarði. Auk þess var sett upp hleðslustöð fyrir bíla rétt við neðra bílastæðið. Í Végarði hefur Gunnar Gunnarsson haft skrifstofuafdrepp sem og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal. Auk þess hefur Ann-Marie Schlutz verið með tilraunaframleiðslu Sauðagulls í eldhúsinu nú á haustmánuðum. Hún hefur undanfarið tekið þátt í viðskiptahraðlinum til sjávar og sveita sem margir sóttust eftir en fáir útvaldir, það má sjá kynningu á því verkefni á heimasíðunni <https://www.tilsvjarogsveita.is/sprotar>



Mynd 1. Frá Hrakströnd. Mynd Steingrímur Karlsson.

Frá Húsnefnd. Végarður er félagsheimili Fljótsdælinga, í eigu Fljótsdalshrepps og stendur á eignarlöð hreppsins. Húsnefnd Végarðs er skipuð þremur fulltrúum: Gunnþórunni Ingólfssdóttir, Gunnari Jónssyni og Önnu Jónu Árnarsdóttir. Húsnefnd fer með málefni hússins, undir yfirstjórn sveitarstjórnar. Húsvörður er Hörður Guðmundsson, gsm 893 0106.

Lýsing: Í húsinu er á miðhæð, andyri og sambyggt hol og fatahengi, ræstikompa, eldhús (vottað), aðalsalur, hliðarsalur og svið, sem hægt er að loka af og nýtist þá t.d. sem fundaraðstaða, snyrtingar með sturtuaðstöðu (samnýtt með tjaldsvæðisgestum), og einnig lítil geymsla fyrir borð og stóla. Á miðhæðinni eru þrjár útgönguleiðir auk útgönguleiðar í snyrtialmu. Í kjallara er lítil snyrting, tækjageymsla, skjalageymsla hreppsins og opið rými með hillum og skápum. Útgennt er úr kjallaranum. Á efri hæð er skrifstofa hreppsins með aðstöðu í lokuðu herbergi, en opið rými sem nýtt er til skrifstofustarfa er upp af stigagangi. Húsið rúmar um 180 manns í sæti, ef báðir salir og svið er nýtt til borðhalds. Á þorablótum er lagt á borð fyrir 150 til 160 manns í aðalsal og hliðarsal. Húsið er ágætlega búíð til samkomuhalds.

Íbúar og félagastarfsemi í sveitinni hafa endurgjaldslaus afnot af húsinu fyrir staka viðburði, um afnot til lengri tíma er samið hverju sinni. Ætlast er til að húsinu sé skilað hreinu eftir afnot íbúa, en íbúar geta ef þeir óska keypt þrif í stað þess að þrifa sjálfir. Húsið er einnig leigt út til funda og samkomuhalds.

Þeim sem vilja bóka afnot af Végarði eða kynna sér aðstöðuna þar, er bent á að hafa samband við skrifstofu Fljótsdalshrepps í síma 471 1810, í gsm Helga Gíslasonar sveitarstjóra 864 4228, eða með netpósti á fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is.



Mynd 2. Frá Hrafnkelsstöðum.
Mynd: Lilja Kjerúlf.

Umhverfisstyrkur

Metfjöldi umsókna hefur borist um umhverfisstyrk til sveitarfélagsins. Úthlutað er vegna framkvæmda er varða bætt umhverfi, ástand og/eða útlit býla. Eigendur og/eða umráðamenn lögbýla á eftirfarandi jörðum hafa fengið úthlutun úr sveitasjóði það sem af er árinu: Víðivellir ytri 2, Droplaugarstaðir, Eyrarland, Þorgerðarstaðir, Vallholt, Bessastaðir, Víðivallagerði, Sturluflöt, Skriðuklaustur/Brekka, Melar, Arnheiðarstaðir, Hrafnkelsstaðir, Litla Grund, Víðivellir Ytri 1, Langhús, Valbjófsstaður 1, Brekkugerði, Hóll, Bessastaðagerði, Víðivellir fremri og Egilsstaðir.

Það er ánægjulegt að sjá hversu mikil gróska er í gangi. Gömlu hús fengið andlitslyftingu, lóðum verið úthlutað og ný hús í uppbyggingu!

Stígar, vegir, fjarskipti

Unnið hefur verið að því að setja upp símaendurvarpa til að bæta fjarskiptin í Suður- og Norðurdal. Árangurinn ætti að koma í ljós nú í desember. Einnig hafa heimreiðar verið bættar á Víðivallabæjunum og Klúku. Bættur hefur verið smalaslóði inn í Kleifarskóg og nú fara að hefjast endurbætur á vegi inn í Þorgarðarstaði. Stikaðar hafa verið gönguleiðirnar upp Tröllkonustíginn (styrkt af samfélagssjóði) og að Gjáhhjalla.

Viðsýrni gagnvart Covid-19

Samþykkt var að fyrirtæki sem greiða fasteignaskatt skv. C. flokki 3.mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19, geta óskað eftir frestun greiðslu, eindagi greiðslu væri þá í síðasta lagi 15.01 2021, en annað fyrirkomulag 3 greiðslna verður ákveðið í samvinnu við hvern og einn gjaldanda. Sækja skal um frestun á netfangið fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is Skilyrði er að gjaldandi sé ekki í langvinnum vanskilum á opinberum gjöldum, sköttum og öðrum greiðslum til sveitarfélagsins og geti sýnt fram á a.m.k. 25% tekjufall, síðustu þriggja mánaða, miðað við síðasta ár. Einnig var samþykkt að á árinu 2020 verði fyrirtæki í Fljótsdalshreppi ekki rukkuð vegna eftirlitsgjalda HAUST og að felld verði niður leigugjöld fyrri hluta ársins hjá Laugarfellsskála og Fljótsdalsgrund við Végarð. Veittur var styrkur til ferðaþjónustuaðila í sveitarfélaginu, til markaðssetningar, í þeim tilgangi að hamla á móti áhrifum vegna fyrirsjáanlegrar fækkunar erlendra ferðamanna. Jafnframt var umhverfisstyrkurinn hækkaður miðað við árið á unda og er nú hámarkið 5 milljónir kr. og þá mótframlag styrkþega 2 milljónir (útlagður kostnaður). Samþykkt var að ráða aðila í 1-2 mánaða sumarstarf og leitað samstarfs við bæði Vinnuálastofnun og Nýsköpunarsjóð námsmanna sem vinnumarkaðsúrræði og auk þess auglýst starf við örnefnaskráningu en því miður var ekki eftirspurn eftir því.

Samfélagssjóður Fljótsdals

Eitt stærsta áhersluverkefni þessa árs var að undirbúa stofnun séreignasjóðs, *Samfélagssjóð Fljótsdals*. Það tókst og var úthlutað úr sjóðnum þann 10. júní til 22 verkefna að upphæð 12.884.000 kr. Verkefni eru fjölbreytt og spennandi, sjá heimasíðuna www.fljotsdalur.is. Nokkrum hefur þó þurft að fresta vegna áhrifa Covid-19. Við hvetjum alla styrkhafa til að skila milli- eða lokaskýrslu sem það eiga eftir. Samkvæmt reglum skal umsækjandi hafa gengið frá áfanga- og/eða lokaskýrslu vegna fyrri styrks áður en sótt er um nýjan styrk.

Stefnt er að því að auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn um mánaðarmótin janúar/febrúar. Nefndin hvetur einstaklinga sem hafa áhuga á að sækja um stuðning við verkefni sína að móta og ramma hugmyndina vel inn og tímanlega. Verkefnastjóri er boðin og búinn að aðstoða sé eftir því leitað. Ásdís Helga er að jafnaði með viðveru í Végarði á fimmtudögum milli 10:00-15:00. Æskilegt er þó að hafa samband fyrirfram þar sem ýmislegt getur komið uppá.



Mynd 3 Styrkhafar Samfélagssjóðs Fljótsdals 2020 - mynd: Gunnar Gunnarsson

Byggðakjarni í Fljótsdal

Í lok janúar var gengið frá samningi við TGJ – hönnun, rannsóknir og ráðgjöf til að gera staðarvalsúttekt fyrir byggðakjarna í sveitarfélaginu, sjá verklýsingu samnings:

„Tilgangurinn er sá, að vegna uppbyggingar innan ferðapjónustunnar er vaxandi þörf fyrir íbúðarhúsnæði í hreppnum, bæði til leigu og mögulegrar sölu. Óskað var eftir úttekt og greiningu á landi í sveitarfélaginu, óháð eignarhaldi, en með það að markmiði að finna hentugt svæði fyrir byggðarkjarna með grunnþjónustueiningu (leik- og grunnskóla, verslun) og athafnasvæði. Í verklýsingu er þess getið, að sveitarfélagið vilji geta boðið upp á eftirsóknarverðan, einstakan og vistvænan byggðarkjarna, sem falli að landslagi, sé öruggur frá náttúrunnar hendi, aðgengilegur og henti vaxandi starfsemi í dalnum. Þá kemur einnig fram, að kjarninn skuli valinn á forsendum umhverfissálfræði, þannig að uppbyggingin hámarki vellíðan og jákvæða upplifun íbúa og gesta. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi í byggðarkjarnanum sé að hámarki 50, en frekar skuli horfa til 10-20 íbúa“. Skemmst er frá því að segja að TGJ skilaði af sér tillögum og kynnti á opnum fundi í Végarði. Í

framhaldið var unnið með svæðin áfram; skoðaður vilji landeigenda til samninga, gerð byggðakönnun, úttekt úr frá framkvæmdum og loks tekin afstaða um þrjá staði sem unnið yrði með áfram. Drög að skipulagi þeirra þriggja liggja fyrir og var öllum boðið að taka þátt í kynningarfundum í gegnum Zoom og í framhaldi að fara í skoðunarferð um staðina. Nú er sveitarfélagið að skoða samningsmöguleika við landeigendur; Skógarbalinn/Kirkjuhamarinn á Vallholti, Hjarðarból út við Hölná og Húsateigur. Allt tekur þetta tíma en lögð er áhersla á að vinna þetta markvisst áfram.



Mynd 4. Frá fyrstu úttektar heimsókn Gunnlaugs og Páls í dalinn. Mynd. ÁHBj.



Mynd 5. Frá Ranaskógargöngu. Mynd. ÁHBj.

sumarsins. Ferðamálanefnd fékk styrki í tvo skilti úr samfélagssjóði og er verið að afla tilboða og undirbúa hönnun og uppsetningu þeirra.

40.000 manns að Hengifossi

Hásumarið var gott í ferðapjónustu á Upphéraði þó að allt hafi sofnað Covid-svefni þegar leið á ágúst. Um 40 þús. manns hafa gengið að Hengifossi á þessu ári. Það eru helmingi færri en árið 2019 en verður að teljast gott m.v. nær enga erlenda gesti. Teljarinn við Hengifoss er nú einn af þeim sem tengdir eru inn á mælaborð ferðapjónustunnar og hægt að skoða þar tölfræði síðustu 3ja ára (maelabordferdathjonustunnar.is). Í ágúst var lokið við að smíða „fljótandi“ timburstíg í gilinu neðan við Hengifossinn til að vernda viðkvæman gróður sem lá þar fyrir skemmdum. Naut sú framkvæmd styrks úr Framkvæmdasjóði ferðamannaþaða. Lerkið í stíginn var unnið af Skógarafurðum og rösir piltar úr Fljótsdalnum sáu um bygginguna. Svæðið við Hengifoss er því vel í stakk búið til að taka við meiri fjölda á komandi ári þó að enn vanti nýtt þjónustuhús.



Mynd 6. Stígurinn að Hengifossi. Mynd. Skúli Björn Gunnarsson.

Örnefnaskráning

Fljótsdalshreppur gerði samning við Landmælingar Íslands á vormánuðum í tengslum við skráningu örnefna. Um tuttugu aðilar sýndu verkefninu áhuga og fengu til sín loftmyndir og örnefnaskrár frá Árnastofnun. Því miður gekk ekki að halda námskeið af hálfu Landmælinga í skráningu örnefna vegna Covid-19 en verkefnastjóri miðlaði upplýsingum um leiðir til að skrá sem og bauð upp á fjarfund þar sem farið var yfir heppilegar aðferðir. Búið er að skila inn loftmyndum af þremur jörðum með örnefnaskráningum til Landmælinga. *Leiðbeiningar:* Fyrir þá sem vilja einfalda sér vinnuna er heppilegt að nota www.kortasja.lmi.is – velja Grunnkort: Ísland-myndkort. Þegar bendill er settur á kortið kemur upp vinstra megin Baughnit og ISN hnit sem hægt er að skrá niður ásamt þeim upplýsingum sem viðkomandi býr yfir um það örnefni, sbr. Hnit, Örnafn, Nafnberi (hvað þetta er), Heimild, Tvínefndi, Tilvist nafnsins og lýsing. Verkefnastjóri er tilbúin til að leiðabeina þeim sem áhuga hafa en vonandi verður hægt að halda námskeið eða vinnustofu í örnefnaskráningu í janúar.



Mynd 7. Fimmtudagskvöld með Sigurjóni B. Mynd. ÁHBj.

Fimmtudagskvöld

Mikil og góð aðsókn hefur verið á „Fimmtudagskvöld í Fljótsdal“ en því miður hefur veiran sett stórt strik í þá viðburði á árinu. Í febrúar kom Sigurjón Bjarnason og fjallaði um Sláturfélag Austurlands og Austurlamb og Oddný Anna Björnsdóttir kom í október með kynningu á samtökum smáframleiðenda og hamprækt. Framundan er fræðsla um nýsköpun í landbúnaði með Finnboga Magnússyni. Þar sem þeim viðburði hefur verið frestað í nokkur skipti borgar sig að fylgjast vel með. Nokkur handavinnukvöld voru haldin bæði í Végarði og í Hallormsstaðaskóla við góðar undirtektir þátttakenda. Stefnt er á að halda þeim áfram þegar það verður hægt sökum sóttvarnareglna.

Taka ber vel tíma hverjum.

Hallormsstaðaskóli hefur verið starfandi í 90 ár og hefur menntun og fræðsla einkennt starfsemi skólans frá upphafi. Frá frystu starfsárum skólans var boðið upp á námskeið fyrir almenning þá einna helst í vefnaði. Hallormsstaðaskóli hefur staðið fyrir fjölda námskeiða, MasterClass og opnum viðburðum. Fljótsdælingar hafa verið duglegir að sækja sér fræðslu í ýmsu matarhandverki til að mynda kjötvinnslu, súrdeigsbakstri, súrkálsgerð og heimavinnslu mjólkurafurða. Hlökkum til að taka á móti fleirum Fljótsdælingum á nýju ári en stefnt er að halda MasterClass í úrbeiningu og pylsugerð í byrjun janúar. Með hækkandi sól vonum við að geta tekið á móti enn fleiri gestum og vonum að Fljótsdælingar hafi áfram áhuga á þeirri fræðslu sem Hallormsstaðaskóli hefur upp á að bjóða. Hlökkum til að sjá sem flesta í skóginum og munum að svo lengi lærir sem lifir. *Bestu kveðjur. Bryndís Fiona Ford, skólameistari.*

Fljótsdalsáætlunin 50 ára!

Nytjaskógrækt á bújörðum hófst fyrir 50 árum með Fljótsdalsáætlun og bændaskógrækt var síðan hrundið í framkvæmd af miklu myndarskap af stjórnvöldum árið 1990 með Héraðsskógaverkefninu. Gerðir voru samningar við bændur til fjórutíu ára. Bændur hafa staðið við samninga og það hefur verið gróðursett í um 15.000 ha á Héraði. Því miður var ekki hægt að bjóða til hátíðarhalda vegna Covid en stefnt að því að minnast þessa á komandi ár ef aðstæður leyfa.

Að lokum

Á aðventu er gott að líta ögn til baka og rifja upp. Þrátt fyrir veiruna sem hrjáð hefur heimsbyggðina þá megum við vera þakklát fyrir það sem við höfum og það sem við getum og höfum gert. Tækifærin liggja víða en oft á tíðum eru það eigin hömlur sem koma í veg fyrir að við nýtum þau. Horfum jákvætt fram á veginn, vinnum saman að því að bæta það sem miður er, leggjum rækt við eigin drauma og langanir og þeirra sem næst okkur standa.



Mynd 8. Frá 25. ára afmæli Fljótsdalsáætlunar haldið í Víðivallaskógi 25.júní 1995
Mynd Skúli Björn Gunnarsson.

Gleðilega aðventu!